



Bókhaldslegur aðskilnaður
Íslandspósts ohf.
26. apríl 2024

Efnisyfirlit

	Upphafssorð	3
	LRAIC líkan	4-6
	Framkvæmd skoðunar	7-10
	Tillögur að úrbótum	11

Upphafssorð

Í ákvörðunaronum Póst- og fjarskiptastofnunar frá ágúst 2013 kemur fram að Íslandspóstur skuli á hverju ári skila álitsgerð óháðs endurskoðunaðila til stofnunarinnar um að samræmi sé á milli lýsingar Íslandspósts á skiptingu kostnaðar og framkvæmdar á bókhaldslegum aðskilnaði Íslandspósts. Í álitsgerðinni þarf að lágmarki að koma fram:

- Niðurstöður þess aðila sem framkvæmir skoðunina.
- Yfirlit yfir öll tilvik þar sem ósamræmi er til staðar.
- Tillögur þess sem framkvæmir skoðunina um úrbætur og áhrif þeirra.
- Ítarleg lýsing á því hvernig staðið var að skoðuninni.
- Samandregnar fjárhags- eða bókhaldsupplýsingar.
- Athugun á réttmæti kostnaðarvaka við skiptingu kostnaðar.

Gögn

Á fundi með stjórnendum Íslandspósts (ÍSP) var farið yfir afkomulíkan félagsins.

Þau gögn sem voru til grundvallar skoðunar á afkomulíkaninu voru eftirfarandi:

- LRAIC líkan – uppbygging og virkni – mars 2014
- LRAIC líkan – útreikningar ÍSP vegna 2023 og tilheyrandi stuðningsgögn.

Framkvæmd

Skoðun Deloitte fólst einkum í yfirferð á lýsingu á uppbyggingu og virkni LRAIC líkansins og voru engin frávik greind frá þeirri lýsingu.

Jafnframt var farið yfir LRAIC líkanið og grunngögn borin saman við prófjöfnuð sem var til grundvallar ársreikningi félagsins 2023.

LRAIC líkan

Lýsing

Lýsing á skiptingu kostnaðar

ÍSP er skyld samkvæmt reglugerð nr. 313/2005 um bókhaldslega og fjárhagslega greiningu í rekstri póstrekanda að halda aðgreinanlegt bókhald svo hægt sé að greina tekjur og kostnað sem tengja má við mismunandi þjónustu. Kostnaðarlíkan ÍSP sem hér er til umfjöllunar er ætlað að uppfylla skilyrði reglugerðar um aðgreinanleika kostnaðar og tekna á mismunandi þjónustur ásamt því að reikna út langtíma meðal viðbótarkostnað (LRAIC) vara sem nýta dreifikerfi ÍSP. Er það gert til að tryggja að samkeppnisvörur séu verðlagðar eftir raunverulegri notkum á kerfinu án þess að þær beri annan kostnað vegna dreifikerfis sem tekur mið af alþjónustuskyldu ÍSP.

Aðferðarfraeði við útteilingu á kostnaði byggir að miklu leyti á verkgrunduðum reikningsskilum eða activity based accounting (ABC) sem þráð hefur verið á undanförnum árum. Sjá nánar um aðferðafræði líkansins í Aðferðarfraeðikafla í „LRAIC líkan – Uppbygging og virkni“.

Þær fjárhagsupplýsingar sem stuðst er við í LRAIC líkaninu byggja á skráningu í fjárhagskerfi félagsins auk þess sem upplýsingar um magn byggja á skráningum í skýrslugerðarforritinu Portals sem jafnframt byggir á skráningum í fjárhagskerfi þess. Ítarlegri sundurliðun á tekjum og magni er fengin úr svokölluðu vöruhúsi og eru niðurstöður þess bornar saman við samtölu tekna eins og þær eru skráðar í fjárhag.

Upplýsingar um rekstrargjöld og afskriftir koma úr fjárhagskerfi félagsins. Allur kostnaður í fjárhagskerfinu skiptist á kostnaðarstöðvar. Við útteilingu kostnaðar eru kostnaðarstöðvar, sem innihalda einsleitan kostnað sem drifinn er af sama kostnaðarhvata, sameinaðar í tiltekna kerfishluta. Í flípanum „Listar“ í LRAIC líkaninu má sjá hvaða kostnaðarstöðvar tilheyra hverjum kerfishluta.

Allur kostnaður er færður á tiltekinn gjaldalykil og tiltekna kostnaðarstöð. Gjaldalyklarnir eru lagðir saman og mynda þá flokka eins og er gert ráð fyrir hér fyrir neðan. Annars vegar er um að ræða rekstrarflokk (Opex) og hins vegar eignaflokk (Capex). Allar eignir félagsins eru bókaðar í eignakerfi fjárhagskerfis og tengdar við kostnaðarstöðvar.

Hér má sjá þegar kostnaður kerfishluta miðast við árgreiðslu.

Samanlagður kostnaður kerfishluta skipt á gjaldaflokk			
Kerfishlutar	OPEX	CAPEX	Samtals
Bréfadeild	259.070.035	2.986.937	262.056.972
Bögglaðeild	336.454.596	35.274.360	371.728.956
Dreifing þéttbýli	317.635.501	14.621.036	332.256.537
Flutningar	510.861.225	57.767.538	568.628.763
Landpóstar	238.404.667	0	238.404.667
Pósthús höfuðborg	342.517.035	41.479.888	383.996.923
Pósthús jaðarstaðir	266.213.427	31.879.245	298.092.672
Pósthús kjarnastaðir	1.509.673.537	392.941.153	1.902.614.690
Tollmeðferð	154.568.196	3.156.652	157.724.848
Útkeyrla	663.468.226	123.749.189	787.217.414
Yfirstjórnarkostnaður	991.968.632	270.093.255	1.262.061.886
Markaðskostnaður	365.644.562	7.496.438	373.141.000
Póstmiðstöð	103.540.954	309.517.854	413.058.808
Annar hlutdeildar kostnaður	276.189.337	8.579.040	284.768.377
Frímerkjadeild	1.725.655	0	1.725.655
Samtals	6.337.935.583	1.299.542.586	7.637.478.169

LRAIC líkan

Kerfishlutar

Kostnaði tiltekinna kerfishluta er úthlutað á aðra kerfishluta eins og gerð er nánari grein fyrir hér á eftir.

Yfirstjórnar- og markaðskostnaður

Yfirstjórnar- og markaðskostnaður er deilt út í hlutfalli við hlutdeild beins kostnaðar af heildarkostnaði í samræmi við „attributable cost method“ (ACM). Þessi aðferð er talin mest viðeigandi þar sem ekki er litið á tekjur við útleiðslu á langtíma viðbótarkostnaði.

Hlutdeildarkostnaður

Hlutdeildarkostnaður er þess eðlis að ekki er viðeigandi að dreifa honum með jöfnum hætti á milli kerfishluta. Annar hlutdeildarkostnaður og Póstmiðstöð eru skilgreind sem hlutdeildarkostnaður.

- Póstmiðstöð er kostnaðarstöð sem inniheldur almennan kostnað vegna þeirra deilda sem staðsettar eru á Stórhöfða 32. Við skiptingu kostnaðarins er stuðst við þann fermetrafjölda sem hver deild nýtir.
- Annar hlutdeildarkostnaður samanstendur af ýmsum kostnaðarstöðum sem ekki tilheyra öðrum kerfisþáttum. Farið var yfir hverja kostnaðarstöð og framkvæmd greining á því hversu stór hlutur kostnaðarstöðvarinnar tilheyrir kerfishlutum. Heildarkostnaði hvorrar kostnaðarstöðvar var svo deilt út á kerfishluta byggt á þeiri greiningu.

Kostnaður sérdeilda

Sérdeildir innan rekstrar félagsins nýta ekki dreifikerfið nema að mjög takmörkuðu leyti. Þessar deildir fá hlutdeild í sameiginlegum og hlutdeildarkostnaði ásamt hlutdeild í kostnaði af dreifikerfi í samræmi við notkun á því. Kostnaður sérdeilda leggst við heildarkostnað samkeppni utan alþjónustu.

Sameiginlegur kostnaður

- Úthlutað á alla aðra kerfishluta.

Hlutdeildar kostnaður


- Úthlutað á suma kerfishluta innan dreifikerfis eftir tilteknum skiptireglum.

Kostnaður af dreifikerfinu

- Úthlutað á vörur sem nýta dreifikerfi eftir notkun vara á viðkomandi kerfishluta.

Kostnaður sérdeilda

- Fá hlutdeild í sameiginlegum- og hlutdeildar kostnaði ásamt hlutdeild í kostnaði dreifikerfis eftir notkun.



LRAIC líkan

Úthlutun kostnaðar

Meirihluti kostnaðar félagsins tengist beint dreifikerfi þess. Öllum kostnaði hvers kerfishluta í dreifikerfi er skipt á tilheyrandi aðgerðir auk þess sem kostnaði hverrar aðgerðar er skipt hlutfallslega á alþjónustu og samkeppni.

Aðgerðir

LRAIC líkanið byggir á 28 aðgerðum sem skiptast í 5 flokka eftir eðli aðgerðanna. Flokkarnir eru: póstmiðstöð, útkeyrsla, dreifingastöðvar, flutningur og pósthús.

Þjónusta og vörur

Allri þjónustu sem ÍSP veitir er skipt í viðeigandi vörur. Hver vara telst annað hvort til samkeppni innan alþjónustu eða samkeppni utan alþjónustu.

Erfiðleikastuðull

Hver vara fær tiltekinn erfíðleikastuðul sem byggir bæði á mælingum og mati stjórnenda. Kostnaði er meðal annars deilt út í samræmi við þá stuðla.

Magn

Í kerfum ÍSP er að finna upplýsingar um magn þeirrar þjónustu sem félagið veitir.

Uppbygging og virkni

Kostnaði er skipt á þá þjónustubætti og þær vörur sem tilheyra starfsemi ÍSP út frá framangreindum þáttum. Nánari lýsingu á þessari virkni líkansins er að finna í lýsingu á LRAIC líkaninu, kafla 4.

Afkoma

Niðurstöður um heildarkostnað og skiptingu hans á allar vörur félagsins eru birtar í síðu „Afkoma“ í LRAIC líkaninu. Þar eru einnig skráðar tekjur af hverjum þjónustubætti og heildarafkoma vegna hvers þáttar auk heildarafkomu skipt eftir samkeppni innan og utan alþjónustu.

Einkaréttur

Með lögum nr. 98/2019 um póstþjónustu leitaðist Alþingi við að tryggja svokallaða alþjónustu í pósti, á sama tíma og einkaréttur ríkisins til sendinga á bréfum undir 50 g var afnuminn. Í alþjónustu felst m.a. póstsendingar innan lands og milli landa, þar á meðal ábyrgðarsendingar og tryggðar sendingar. Þar fellur undir þjónusta vegna bréfa allt að 2 kg, pakka allt að 10 kg innan lands en 20 kg milli landa og sendinga fyrir blinda og sjónskerta allt að 2 kg

Samantekt á afkomu ÍSP þegar kostnaður miðast við árgreiðslur

	Tekjur	Kostnaður dreifikerfis	Annar kostnaður	Heildar-kostnaður	Afkoma
Samkeppni innan alþj.	6.085.229.968	7.232.598.366	200.617.040	7.433.215.406	-1.347.985.438
Samkeppni utan alþj.	1.027.174.962	402.657.940	16.824.390	419.482.330	607.692.632
Samtals	7.112.404.930	7.635.256.306	217.441.430	7.852.697.736	-740.292.806

Samantekt á afkomu ÍSP þegar kostnaður miðast við afskriftir

	Tekjur	Kostnaður dreifikerfis	Annar kostnaður	Heildar-kostnaður	Afkoma
Samkeppni innan alþj.	6.085.229.968	6.425.768.438	200.617.040	6.626.385.478	-541.155.511
Samkeppni utan alþj.	1.027.174.962	382.342.900	17.016.774	399.359.674	627.815.288
Samtals	7.112.404.930	6.808.111.338	217.633.814	7.025.745.152	86.659.777

Framkvæmd skoðunar

Skoðun Deloitte fóli í sér að yfirfara lýsingu ÍSP á skiptingu kostnaðar og voru engin frávik greind frá þeirri lýsingu. Lýsing á yfirferð er unnin út frá flipum í líkani.

Kafli	Skoðun	Niðurstaða
Ctrl	<p>Í „Ctrl“ flipa líkansins eru stýribreytur sem notaðar eru í útreikningum líkansins. WACC hlutfall er gefið út af Póst- og fjarskiptastofnun og var því ekki sannreynnt. Vísitölur til uppreiknings voru raktar í upplýsingar frá Hagstofu Íslands. Í síðunni er einnig hægt að velja hvort tekið er tillit til veltufjárbindingar í líkaninu og hvort reiknuð sé árgreiðsla eða bókhaldslegum afskriftum úthlutað.</p> <p>Báðir valmöguleikar voru kannaðir við skoðun á líkaninu. Afskriftir voru raktar í bókhald og farið var yfir uppreikning árgreiðslu.</p>	Gerum engar athugasemdir
Villuprófun	<p>Í LRAIC líkaninu er flipi sem heitir „Villuprófun“. Þar er að finna villuprófanir á öðrum reiknisíðum þess sem lætur vita með villumeldingu ef einhvers staðar er að finna villu. Samkvæmt flipanum eru engar villur til staðar í líkaninu.</p> <p>Virkni sjö villuprófana var yfirfarin.</p>	Gerum engar athugasemdir
SQL_Opex	<p>Í flipanum er að finna allan rekstrarkostnað ÍSP fyrir útreikningsár.</p> <p>Endastöðvagjöld eru ekki talin með í veltufjárbindingu og því leggjast þau við heildarkostnað með kostnaðarverði seldra vara í síðunni afkoma. Kostnaðurinn er bókaður á kostnaðarstöðvar sem eru flokkaðir í kerfishluta. Afstemming á gögnum er gerð með því að sækja prófjöfnuð úr fjárhagskerfi með skiptingu eftir kostnaðarstöðvum ásamt því að sækja kostnað eftir eignanúmerum (order). Ekki fór fram skoðun á því hvort kostnaður væri bókaður viðeigandi kostnaðarstöð eða order í fjárhagsbókhaldi.</p> <p>Rekstrarkostnaður var afstemmdur við prófjöfnuð. Til staðar var mismunur þar sem kostnaður hafði bókast eftir breytingu á kostnaðarstöðvum, gerð var leiðréttning í lokafærslu. Sé tekið tillit til þessa er enginn munur á rekstrarkostnaði samkvæmt líkani og rekstrarkostnaði samkvæmt samþykktum ársreikningi.</p>	Gerum ekki verulegar athugasemdir.

Framkvæmd skoðunar

Kafli	Skoðun	Niðurstaða
SQL_Capex	<p>Í flípanum er að finna fyrningarskrá útreikningsárs. Allar eignir eru bókaðar á kostnaðarstöðvar og flokkaðar í kerfishluta.</p> <p>Heild eigna er afstemmd við fyrningarskýrslu sem ársreikningur félagsins byggir á. Engin frávik greind.</p>	Gerum engar athugasemdir
Opex_Reclass	<p>Í flípanum „Opex_reclass“ er rekstrarkostnaður færður á milli kerfishluta.</p> <p>Farið var yfir að flokkunarfærslur skiluðu sér inn í líkanið í samræmi við forsendur stjórnenda.</p>	Gerum engar athugasemdir
Capex_Reclass	<p>Í flípanum „Capex_reclass“ eru eignir færðar á milli kerfishluta.</p> <p>Farið var yfir að flokkunarfærslur skiluðu sér inn í líkanið í samræmi við forsendur stjórnenda.</p>	Gerum engar athugasemdir
Árgreiðsla _Útreikn & Árgreiðsla _Töflur	<p>Í flípanum „Árgreiðsla_Útreikn“ eru framkvæmdir útreikningar á árgreiðslu ÍSP vegna fjárbindingar í rekstrarfjármunum. Flíppinn sækir eignir samkvæmt eignalista í „SQL_Capex“ og flokkunarfærslur úr síðunni „Capex_reclass“.</p> <p>Gerður var endurútreikningur á formúlum og voru engin frávik greind.</p> <p>Heildarverðmæti eigna var stemmt af við fyrningarskýrslu sem ársreikningur byggir á.</p>	Gerum engar athugasemdir

Framkvæmd skoðunar

Kafli	Skoðun	Niðurstaða
Veltufjárbinding	Samtölur gjaldaflokkar í prófjöfnunni voru stemmdar af við samtölur gjaldaflokkar í töflu „OPEX eftir kerfishlutum á gjaldaflokk“ í LRAIC líkani í flípanum „Veltufjárbinding“. Kostnaður vegna endastöðvagjalda og kostnaðarverð seldra vara er ekki innifalinn í þeim samtlum enda er sá kostnaður ekki hluti af kostnaði við dreifikerfið. Þessum kostnaði er bætt við þegar afkoma einstakra vara er greind í flípanum „Afkoma“.	Gerum engar athugasemdir
Capex-Opex kerfishluti	Í flípanum „Capex-Opex kerfishluti“ kemur fram úthlutun á sameiginlegum kostnaði, úthlutun á hlutdeildarkostnaði auk þess sem kerfishlutar sem tilheyra sérdeildum en ekki dreifikerfi eru tilgreindir. Úthlutun á sameiginlegum kostnaði er sjálfvirk í skjalinu og voru fjárhæðir raktar. Einstakar úthlutunir á hlutdeildarkostnaði voru raktar í tilheyrandi rökstuðning og útreikninga í stuðningsskjölum og voru engin frávik greind. Samtala úr töflu 12 í flípanum var rakin í flípa „Routing matrix“.	Gerum engar athugasemdir
Routing matrix	Allar forsendur í flípanum „Routing matrix“ voru raktar í tilheyrandi rökstuðning og útreikning í stuðningsskjölum.	Gerum engar athugasemdir
Afkoma	Magn og tekjur í flípanum „Afkoma“ hafa einnig verið staðfestar. Staðfest var að tekjur stemma við prófjöfnuð ársins. Ekki er lagt mat á réttmæti vegna magns en rakið að magntölur séu sóttar í undirgögn.	Gerum engar athugasemdir

Framkvæmd skoðunar

Kafli	Skoðun	Niðurstaða
Prófjöfnuður	<p>Prófjöfnuður til grundvallar útreikningum í LRAIC líkaninu var borinn saman við þann prófjöfnuð sem ársreikningur félagsins vegna ársins 2023 byggir á.</p> <p>Mismunur var á tekjuskattslýklum en tekið var tillit til óbókaðrar færslu í afkomulíkaninu.</p>	Gerum engar athugasemdir
Kostnaðarvakar	<p>Litið er svo á að magn og erfiðleikastuðlar séu kostnaðarvakar í LRAIC líkani ÍSP. Við gerð magnskýrslu er stuðst við upplýsingar úr vöruhúsi en upplýsingarnar eru fengnar úr skýrslugerðarforritinu Portals sem er byggir á gögnum úr SAP. Magnþölur hafa ekki verið sannreyndar en upplýsingar um magn eru veittar í excelskjalinu „Póstmagn INN og ÚT – Afkomulíkan 2023“ Upplýsingar um hvernig magn er fengið hefur ekki breyst frá eldra líkani ÍSP.</p> <p>Erfiðleikastuðlar eru byggðir á tímamælingu og mati stjórnenda. Almennt er stuðst við sömu erfiðleikastuðla og stuðst var við í eldra afkomulíkani en á viðeigandi stöðum hafa stuðlar verið uppfærðir til samræmis við skjölun þar um.</p> <p>Skoðunin fól í sér yfirferð á forsendum að því marki að uppruni tímamælinga var ekki sannreyndur eða farið yfir mat stjórnenda. Útreikningar í forsendum var yfirfarinn ásamt því að lagt var mat á hvort kostnaðarvaki væri viðeigandi í hverju tilfelli.</p>	Gerum engar athugasemdir aðra en þá sem er til staðar á bls. 11.

Tillögur að úrbótum

Hér að neðan gefur að líta helstu niðurstöður athugunar á LRAIC líkani ÍSP. Í töflunni koma einungis fram helstu frávik og áhættur vegna þeirra.

Ábending	Áhætta	Tillaga til úrbóta	Viðbrögð frá stjórnendum	Ábending frá fyrra ári
Úthlutun kerfishluta og erfiðleikastuðlar Þegar verið er að uppfæra forsendur í líkani er vinnan að miklu leyti handfærð (e. manual)	Hætta á að kostnaður deilist ekki rétt út þegar forsendur eru að svo miklu leyti handfærðar vegna villuhættu.	Skoða hvort hægt sé að líkanið sækji sjálfkrafa viðeigandi forsendur í þar til gerð undirgögn	Ekki er talið betra að láta líkanið sækja forsendur sjálfvirkrt í stuðningsgögn þar sem nýjum skjölum er hlaðið niður þegar forsendur breytast og þyrfti þá að uppfæra linka í hvert skipti. Því er talið betra að hafa handvirk. Stjórnendur mæta þeirri villuhættu með yfirferð á innslætti í líkani.	Já



Áhætta sem getur haft í för með sér veikleika og/eða hættu á því að veruleg skekkja í líkani uppgötvist ekki.



Áhætta sem getur haft í för með sér mikinn veikleika og/eða hættu á því að veruleg skekkja í líkani uppgötvist ekki.

Upplýsingar um tengiliði hjá Deloitte

**Þorsteinn Pétur Guðjónsson
Eigandi og endurskoðandi**

Email: tgudjonsson@deloitte.is

Sími: +354 580-3087

GSM: +354 860-3087

**Berglind Klara Daniëlsdóttir
Endurskoðandi**

Email: bdanielsdottir@deloitte.is

Sími: +354 580-3069

GSM: +354 699-2595



www.deloitte.is



www.facebook.com/DeloitteIceland/



www.linkedin.com/company/deloitte/



www.instagram.com/deloitte/



twitter.com/Deloitte

Deloitte.

Undir vörumerki „Deloitte“ sameinast kraftar þúsunda sérfræðinga sem starfa hjá sjálfstæðum félögum um allan heim við að veita viðskiptavinum þjónustu á svíði endurskoðunar, ráðgjafar, fjármála, áhættustjórnunar og skattamála. Þessi félög eru aðilar að Deloitte Touche Tohmatsu Limited (DTTL), sem er breskt einkahlutafélag (*private company limited by guarantee*). Hvert aðildarfélag veitir þjónustu á tilteknu landssvæði og er bundið þeim lögum og fagreglum sem þar gilda. Félagið DTTL innir ekki af hendi þjónustu til viðskiptavina. DTTL og aðildarfélög þess eru aðskildir og sérgreindir lögaðilar sem ekki geta skuldbundið hvert annað. DTTL og aðildarfélög þess bera eingöngu ábyrgð á eigin gjörðum eða vanrækslu en ekki á aðgerðum hyvers annars. Hvert aðildarfélag DTTL er skipulagt í samræmi við innlend lög, reglugerðir, viðskiptavenju og aðra þætti, og getur veitt sérfræðiþjónustu á starfssvæði sínu í gegnum dótturfélög, tengd félög, og/eða önnur félög.

Deloitte veitir bæði opinberum aðilum og einkafyrirtækjum í fjölmörgum atvinnugreinum endurskoðunar-, skatta-, ráðgjafar- og fjármálaþjónustu. Alþjóðlegt sérfræðinet Deloitte tengir saman sérfræðinga í 150 löndum þannig að saman fari ítarleg staðbundin þekking og alþjóðleg hæfni, viðskiptavinum til hagsbóta. Hjá Deloitte starfa um 286.000 sérfræðingar sem stefna saman að því að veita ávallt framúrskarandi þjónustu.